



## 11. stjórnarfundur LH

Haldinn í Laugardal 25. ágúst 2015 milli kl. 16:00-19:30

Fundinn sátu: Lárus Ástmar Hannesson formaður, Jóna Dís Bragadóttir varaformaður, Ólafur Þórisson gjaldkeri, Eyþór Jón Gíslason ritari, Stella Björg Kristinsdóttir, Andrea Þorvaldsdóttir, Haukur Baldvinsson, Helga B. Helgadóttir, Rúnar Þór Guðbrandsson, Sigurjón Rúnar Bragason og Hrönn Kjartansdóttir. Að auki sátu starfsmenn LH fundinn, þær Jóhanna Gunnarsdóttir og Hilda Karen Garðarsdóttir.

Gestir: Jón Baldur Lorange og Þorberg Þ. Þorbergsson frá Bændasamtökum Íslands.

Fundargerð ritaði: Hilda Karen Garðarsdóttir

### 1. Samstarfsverkefni við WorldFeng, myndskaið – Jón Baldur og Þorberg frá BÍ

Staða:

- Vinna stendur yfir við að koma myndefni inn á WorldFeng (WF), 250 stk komin inn nú þegar frá LM2014. Svo verða eldri mót sett inn í aldursröð.
- Efnið tekur mikið pláss á serverum, hafa bætt við serverum eftir þörfum, alltaf einhver stofnkostnaður á svona verkefni.
- HD gæði. Það þarf að klippa myndskaið fyrir hvert hross, þau vistast á hvert hross í WF og einnig á sérsíðu fyrir hvert Landsmót í WF. Þónokkur vinna við þetta, klipping, hljóð, einkunnir og dómar.
- Myndskaiðin eru spiluð í spilara í WF þegar viðkomandi hefur keypt sér áskrift, kr. 4.900 á ári. Ekki hægt að hlaða myndskaiðunum niður, aðeins horfa á á skjá. Kannski verður hægt að borga sérstaklega fyrir að geta downloadað, í framtíðinni.
- Þetta er viðbótaráskrift í WF, kostar 4.900 kr á ári. 75% hagnaðar renna til Landsmóts og 25% til BÍ. Áskrifendur að WF eru um 18.000, þ.e. allir félagar í FEIF. Flestir í Þýskalandi, Íslendingar í 2. sæti. Byrjað að selja áskriftir nú þegar.
- Hægt verður að markaðssetja verkefnið bráðum eða þegar efnið frá LM2014 verður allt komið inn.

Fundurinn var sammála um að þetta væri spennandi verkefni og mjög jákvætt væri hversu vel það væri unnið og mikil nákvæmni væri í vinnubrögðum hjá BÍ, t.d. væri óæskilegt hljóð og eða upplýsingar klippt út. Rúnar Þór spurði út í annað efni þarna inn, t.d. frá HM. FEIF þyrfti eiginlega að sjá um að varðveita allt efni frá heimsmeistaramótum á einum stað. LH fylgist áfram með framgangi þessa verkefnis.

### 2. Markaðsverkefnið Hestatorg – Jóna Dís

Þetta er flott verkefni. Fundað hefur verið með auglýsingastofu, fengum þaðan hugmyndir í markaðsáttak. Þetta verkefni er fjármagnað í eitt ár en verið er að horfa á þetta áttak til fimm ára. Verður frábært fyrir hestamenskuna í heild sinni, ræktendur, kennara, útreiðafólk og atvinnumenn. JDB list vel á fagfólki sem stendur að þessu, auglýsingastofan Pipar TBWA var valin úr hópi nokkurra umsækjenda. Komu sterkast út, fagfólk og jafnframt hestafólk. Með spennandi aðferðafræði. Buðu uppá að taka vinnufundi með verkstjórn til að ná sem best utan um verkefnið og munu þau nýta sambönd sín erlendis til hagsbóta fyrir þetta verkefni. Nokkrir punktar hafa komið fram sem við þurfum að taka til okkar og bæta, sem og öll félögin í þessu samstarfi.



Þegar herferðin er tilbúin, þá verða hagsmunaaðilar kallaðir til en þeir styðja við verkefnið með fjármagni. Fulltrúi mennta- og menningarmálaráðuneytisins leggur áherslu á að hestamennskan sé íþrótt, og það ætti að markaðssetja hana þannig. Markaðssetja hana hressilega á móti öðru sporti; cross fit, hross fit!

Hestatorgið í Herning var partur af þessu verkefni og heppnaðist vel. Þar var mikið líf, léttleiki, gaman að koma þangað, tónlist og þess háttar stemning.

### 3. HM í Herning, yfirferð – Andrea, Rúnar, Jóna Dís

ATH - heilt yfir gekk vel, sérstaklega það sem snéria að gestum, þeir áttu góða upplifun. Í framkvæmdanefnd var hins vegar töluvert stress. Peningalega séð lítur mótið vel út. Ætlunin var að selja 11 þúsund miða, þess vegna var stúkan stækkuð úr 9 í 11 þúsund sæti. 8600 miðar voru seldir. 500 sjálfboðaliðar og starfsfólk. Okkar von er að geta greitt til baka 1.800.000 kr sem settar voru inn í mótin frá hverju landi. Niðurskurður á endasprettinum var þónokkur og hann gerði mikið, fengum á endanum styrk frá Messecenter uppá 2.000.000 kr. Verið er að vinna uppgjör.

RPG – tekur undir með Andreu, áhorfendur voru ánægðir fyrir utan upplýsingagjöf á risaskjá. Knapar ánægðir með aðstöðuna. Flest heppnaðist vel. 40 manns sinntu fjölmiðlaumfjöllun á vegum mótsins og þar var hamrað á góðu veðri og stemningu síðustu dagana. Við það kom kippur í miðasölu. Kostnaður var skorinn niður eins og hægt var. Flestum gekk illa að vinna með Bo síðustu mánuðina fyrir mótið, þó má hann eiga það að hann passaði uppá reksturinn, skar niður og það tókst vel. Allan tímann, alveg fram yfir mót, var haldið áfram að skapa tekjur á mótið, auglýsingar, styrkir, miðasala. Þetta var öflugur hópur. Samskiptin milli NIHF og framkvæmdanefndar voru oft ruglingsleg og erfið. Event manager ekki að gera sig sem dæmi, einfaldlega klúður!

JDB - JDB og Haukur Baldvins sáu um landsliðið, að koma því út og halda utan um. Tókst vel, góður stuðningur að hafa Rúnar, Andreu og Helgu. Þetta var mikil vinna, sérstaklega áður en liðið fór út. Úti var frábær aðstaða, gott skipulag hjá teyminu okkar. Tekin var sú ákvörðun að fá þjálfara inn. Allir ánægðir, og bara sett út á að þurfa að vera á 2 hótélum, ekki allir saman á hóteli. Mest var vinnan í upphafi en róaðist svo þegar mótið byrjaði og allt fór í gang.

ATH - JDB sá um ungmennin á mótsstað. Þarf að passa vel uppá ungmennin, hafa hesthúsapassa fyrir þann sem sér um þau.

HBH - af hverju varð s.k. Youth mother til á Feif Youth Cup og Camp? Mál hafa komið upp tengd fararstjórum og liðsstjórum, þá er gott að hafa einhvern aðila þar fyrir utan sem getur stigið inn í málið. Erum með fleiri þjálfara, fleiri ungmenni með foreldra o.s.frv. Þessu var reddað eins og hægt var, Feif er strangt með þetta.

RP - á vegum Feif var æskulýðsfulltrúi, trúnaðarmaður allra ungmenna á mótinu.

Verið að vinna skýrslur frá NIHF, liðsstjóra okkar og landsliðsnefnd.

Jóhann Ingi sálfræðingur kom og talaði við liðið, lagði áherslu á allir borðuðu saman, vera eins mikið saman og kostur er, mikilvægt fyrir samheldni og mjög mikilvægt og jákvætt að vera áberandi og hvetjandi á mótsstað.

JDB – það var sameiginlegur kvöldverður á sunnudagskvöldinu, allir mættu, foreldrar, knapar og aðstandendur. Æðislega skemmtilegt, spilað, sungið og mikil stemning.



RP - frábært að hafa Andreu þarna, hefði mátt koma fyrr og hafa stærra, ákveðið hlutverk.

JD – allir sem að þessu mikla verkefni komu unnu mjög góða vinnu, skrifstofan, landsliðsnefndin, Andrea, Rúnar Þór og fleiri.

Samþykkt að fá landsliðsnefnd á næsta fund.

#### 4. LM2018

Samþykktur samningur við Fák, á eftir að skrifa undir. Fákur greiðir LH ákveðna upphæð fyrir mótið, myndefni fáum við afhent. Svipað form og á HM, enginn áhætta fyrir LH. Þetta er nýtt form, hvetur mótshaldara til að sækja fólkíð sitt til vinnu.

Samþykkt að klára samning fyrir næsta fund.

#### 5. Uppskeruhátíð

Festur tími 7. nóvember 2015. Þorri, Þorvarður Helgason, er til í að vera áfram í undirbúningsnefnd ásamt formanni, varaformanni, Sveini formanni FHB og starfsmanni skrifstofu. Hátíðin verður í Gullhömrum, Hreimur og co spila eins og í fyrra og kvartettinn Hrímnir tekur lagið.

#### 6. Valnefnd

Fara yfir ábendingar keppnisnefndar. Formaður boðaði nefndina á fund, samantekt yfir starfið. Búið að senda beiðni á dómarafélögin að tilnefna fólk í nefndina. Unnið eftir greinargerð um starf nefndarinnar, skoða jafnvel stigatöflur til að mæla árangur nákvæmar, félögin eru að nota slíkar töflur.

#### 7. Formannafundur

Hilda Karen starfsmaður LH fór yfir praktíst atriði varðandi fundinn, boðun, dagskrá, hefðir o.fl. Stutt erindi skýrsla stjórnar. Vinnuhópar: gera gagn, unnið saman. Rætt var um að fá Viðar Halldórsson félagsfræðing.

Samþykkt að auk formanna, yrði gjaldkerum félaganna boðið að sitja fundinn.

#### 8. Kæra á áhugamannamóti á Hellu

Aganefnd hefur svarað. LÁH - hef skoðað hvernig að þessu var staðið, sýnist að niðurstöður hafi verið birtar, hengdar upp og lesnar upp.

Svarið frá aganefnd: kæra barst of seint, máli vísað frá. Dómur aganefndar stendur, vísað frá. Styður niðurstöðu yfirdómnefndar mótsins.

#### 9. LM2020, auglýsing

Hvenær ætlum við að auglýsa?

Hvernig vinnum við þetta?

RPG - auglýsa tvö mót, 2020 og 2022.

HB - hafa skýrt rekstrarfyrirkomulag, skiptir máli hvernig auglýst.

RPG - ath að niðurstöður ráðstefnunnar skipta máli. Og umsækjendur geta haft þær til hliðsjónar.

Hvers konar rekstrarfyrirkomulag bjóðið þið? Hversu mörg gistirými, hesthúspláss.

Afgreiðsla: gera drög að umsókn, henda á milli í tölvupósti. Umsóknarfrestur verði 1. desember. Auglýsa bæði mótin.



## 10. Ráðstefna um Landsmót

Helga og Jóna - hafa um 17. október. Stefna á það, getur breyst.

## 11. Önnur mál

- **Ráðningar:** RPG - líst vel á Áskel Heiðar, nýjan framkvæmdastjóra LM. Hafði áhyggjur í sumar yfir því að ekkert væri að gerast á Hólum. Varðandi ráðningu Kristins Hugasonar; fengum styrk í það verkefni, sjö sóttu um, Kristinn talinn hæfastur. Stjórnarfolk óánægt að vera ekki upplýst um þessa ákvörðun áður en þetta var birt á miðlum.  
LÁH – tekur á sig þetta samskiptaleysi og segir að Kristinn muni koma á fund og kynna sitt verkefni.  
AMP - biður um almennt betra upplýsingaflæði innan stjórnar.
- **Aganefnd LH:** AMP Biður um umræðu um meðferð aganefndar á agamáli 1.2015. Stjórn fór yfir málið og hvatt er til að fara eftir lögum og reglum LH.
- **Hestadagar:** HBH og JDB vilja halda áfram með verkefnið. RPG sammála, þyrfti samt að útvíkka conceptið. Fá stórfyrirtæki til að sponsora einn dag, sbr. VÍS agría dýradagur sem haldinn var fyrir nokkrum árum. Þarf að fara í þetta strax. Taka umræðuna. Hópreiðin er frábær. Frestað til næsta fundar.
- **Íslandsmót í Borgarnesi:** samþykkt 14.-17. júlí.
- **Íslandsmót fullorðinna:** umræður um staðsetningu. Heyra í Fáki.
- **LÁH-Hólar:** Formaður segir frá stöðunni á Hólum. Framkvæmdir töfðust vegna tafa í ráðuneytum en nú er allt í botni á svæðinu og framkvæmdum miðar vel.
- **Landsþing 2014:** vantar þinggerð, samþykktir og skýrslur nefnda inná vefinn okkar. Samþykkt að Hilda Karen og Helga Björg klári það mál.
- Samþykkt að halda **æskulýðsráðstefnu** laugardaginn 7.nóvember. Skrifstofa auglýsir.

Ekki fleira fært til bókar og fundi slitið kl. 19:30.